



Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun

Jóhanna Hrund Einarsdóttir

Borgartún 7b

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 13. maí 2026

Málsnúmer: 202604-0026

NA

Efni: Gagnaver Verne, Reykjanesbæ. Matskyldufyrirspurn.

Vísað er til erindis frá Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 16. apríl 2026 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um matskyldufyrirspurn vegna áforma um uppbyggingu á Gagnaver Verne við Valhallabraut í Reykjanesbæ.

Verne Global ehf. áformar uppbyggingu nýs gagnavers á Ásbrú í Reykjanesbæ. Gert er ráð fyrir einni byggingu ásamt búnaði og varaafslvélum utanhúss á 24.000 m² lóð. Áætluð raforkuþörf fyrir hýsingu tölvukerfa verður allt að 120 MW auk álags frá öðrum innviðum gagnaversins s.s. kælikerfum. Gagnaverið verður byggt upp í þremur 40 MW áföngum. Framkvæmdatími er áætlaður frá 2026-2028.

Helstu vistgerðir innan svæðisins eru hraungambravist og lyngmóavist. Lyngmóavist hefur hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem að þarfnast verndar. Gróðurþekjunnar hefur þó verið raskað að hluta og því er ekki talið að fyrirhuguð framkvæmd hafi umtalsverð áhrif.

Eitthvað sílamáfsvarp er á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og nærliggjandi svæðum og ber að hafa það í huga. Einnig gætu mófuglar nýtt sér svæðið til varps þótt að þéttleikinn sé líklega ekki mjög mikill. Náttúrufræðistofnun hvetur til þess að forðast sem mest framkvæmdir á varptíma.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif í skilningi laga nr. 111/2021 þar sem svæðið er þó nokkuð raskað fyrir. Hljóðmanir verða nýttar til að mýkja ásynnd byggingarinnar.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allur frágangur á framkvæmdasvæði verði til fyrirmyndar.

Virðingarfyllst,

Nína Aradóttir

Nína Aradóttir

Jarðfræðingur



Reykjanesbær, 18.05.2026

Mál nr. 2026010494

Efni: Gagnaver Verne við Valhallarbraut matskyldu fyrirspurn

Verne Global ehf. áformar uppbyggingu nýs gagnavers á Ásbrú í Reykjanesbæ. Gert er ráð fyrir einni byggingu ásamt búnaði og varaafsvélum utanhúss á 24.000 m² lóð. Áætluð raforkuþörf fyrir hýsingu tölvukerfa verður allt að 120 MW auk álags frá öðrum innviðum gagnaversins s.s. kælikerfum. Gagnaverið verður byggt upp í þremur 40 MW áföngum. Framkvæmdatími er áætlaður frá 2026-2028.

Skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar hefur tekið til skoðunar þá þætti sem helst geta átt við hlutverk og starfssvið embættisins. Staðhættir og upplýsingar í framlögðum gögnum gefa ekki tilefni til að embættið geri athugasemdir við matskyldufyrirspurnina.

Staðfest á fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags 22.mái 2026

Staðfest á fundi bæjarstjórnar dags dd.mm.áááá

Virðingarfyllst,

f.h. Reykjanesbæjar

Gunnar Kr. Ottósson, arkitekt
Skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar

Vegna: Máls nr. 0450/2026, Gagnaver Verne við Valhallarbraut, Reykjanesbæ (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Embættið telur að gert sé grein fyrir þáttum er varða mengunarþætti, mengunarvarnir og mótvægisáðgerðir fyrir þeim. Starfsemin er undir eftirliti Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja vegna varaafstsöðva fyrir starfsemina. Breytingar á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem tóku gildi þann 27. mars sl. kunna þó að hafa þau áhrif að eftirlit með starfseminni færir yfir til UOS, ekki er búið skera úr því á þessum tímapunkti.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur tekið til skoðunar þá þætti sem helst geta átt við hlutverk og starfssvið embættisins. Staðhættir og upplýsingar í framlögðum gögnum gefa ekki tilefni til að embættið geri athugasemdir við matsskyldufyrirspurnina.

Höfundur: Jón Trausti Jónsson

Sent inn þann: 13.05.2026 , **Fyrir hönd:** Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja